



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Stjórnarfundur 28. janúar 2018

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Stjórnarfundur í Hestamannafélaginu Glað þann 28. janúar 2018 kl. 17:00.
Fundurinn haldinn á Sunnubraut 7.

Mættir eru Þórður, Svala, Viðar, Heiðrún Sandra, Þórarinn og Vilberg.

1. Aðgerðarplan til að lækka skuldir Nesodda ehf.
Svala kom með aðgerðarplan þar sem hún sýndi okkur stjórnarliðum hvaða áhrif það hefði ef aukið væri við hluthafafé við félagið allt að 6.000.000 og væri hlutur Glaðs 3.692.100 af því. Svo fer líka eftir því hvað aðrir hluthafar vilja gera, hvort þeir vilja halda í sinn eignarhluta ef þeir vilja það þurfa þeir að leggja til mismunandi fjárhæðir eftir hver eignarhluturinn er. Til þess að Glaður geti reitt fram þetta fé þá verðum við fá vilyrði frá UDN um að fá fyrirfram styrktar- og lottófé að upphæð 2,000,000 fyrir árið 2018 og 2019.
Gerum við þetta til að hafa eitthvað í höndunum þegar við förum og tölum við lánveitandann um að borga inná höfuðstólinn hvort þeir eru tilbúnir til þess að koma til móts við okkur með afganginn af skuld okkar við Arion banka.
Rætt var um þessa tillögu fram og til baka og munum við bera fram tillögu á næsta félagsfundi sem verður haldin 4. febrúar þess efnis þar sem félögum Glaðs verða kynnt þessi áform.
2. Heiðrún Sandra fór yfir fund sem hún sótti síðasta haust vegna uppgjörs Fjórðungsmóts Vesturlands. Þar var farið yfir þau mál og málin rædd og var hiti í mönnum á þessum fundi þar sem ýmsir hlutir hefðu átt að vera betri. Hluti af þessu var líka að það urðu starfsmannabreytingar stuttu fyrir mót sem hjálpaði ekki til við undirbúning mótsins.
3. Rætt var hvenær við gætum haft aðalfund og var velt upp mögulegum dögum og erum við að skoða þann 11. mars næstkomandi.
4. Rætt var um fjáröflunarleiðir fyrir Nesoddareiðhöllina og komu tillögur um að hafa mögulega folatolla happdrætti til hjálpa til við að minnka skuldir eða til að koma til móts við viðhald eða frekari uppbyggingu sem verður vonandi fljótlega.

Fundi slitið kl: 19:00

Vilberg Þráinsson